

Atvinnuveganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 142/91
komudagur 24.6.2013

Eskifjörður 24. júní 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um veiðigjöld, þingskjal 15 - 15 mál.

Eskja hf. er meðalstórt sjávarútvegsfyrirtæki á Eskifirði og gerir út uppsjávarfrystiskipið Aðalstein Jónsson, uppsjávarskipið Jón Kjartansson, línubeitningarbátinn Hafdísí auk þess að reka fiskimjölsverskmiðju og ferskfiskvinnslu. Félagið er í blönduðum uppsjávar og bolfisksrekstri.

Fyrirhugað frumvarp nýrrar ríkisstjórnar um breytingar á lögum nr. 74/2102 um veiðigjöld fyrir fiskveiðiárið 13/14 og 2014 er að okkar mati ekki vel unnið og geti ekki verið grunnur að sanngjarni gjaldtöku fyrir nýtingu fiskveiðiauðlindarinnar. Frumvarpið byggir á hugmyndafræði eldra frumvarps sem fékk mikla gagnrýni og sú gagnrýni á ennþá við. Við leggjum til að atvinnuveganefnd kynni sér þær umsagnir sem bárust nefndinni í aðdraganda þess þegar lög nr. 74/2012 voru samþykkt á alþingi 26. júní 2012.

Nýtt frumvarp snýr að því að leggja almennt veiðigjald uppá 9,5 krónur á hvert sérstakt þorskígildiskíló og skipta svo skattlagningu á sérstöku veiðigjaldi fyrir botnfiskveiðar og uppsjávarveiðar. Sérstakt veiðigjald fyrir botnfisk verður 7,38 kr. á hvert sérstakt þorskígildiskíló en 38,25 kr. fyrir hvert sérstakt þorskígildiskíló vegna uppsjávarveiða. Það kemur ekki fram nákvæmlega í frumvarpinu hvernig sérstakir þorskígildisstuðlar muni vera en komin eru fram drög að stuðlum sem fyrirtæki í sjávarútvegi hafa verið að styðjast við í sínum útreikningi á áhrifum frumvarpsins á einstaka félög og einstaka tegundir.

Það er ljóst að miðað við fyrirhugaða gjaldtöku og áætlaða sérstaka þorskígildisstuðla verður veruleg hækkun á veiðigjaldi uppsjávartegunda frá fyrra fiskveiðiári og fyrir Eskju hf. og önnur minni félög í blönduðum rekstri er gjaldið að koma illa niður á núverandi rekstri félagsins og ekki síst einstaka tegundum.

Við vildum benda atvinnuveganefnd sérstaklega á hvernig uppsjávartegund eins og kolmunnir kemur út úr þessari gjaldtöku og ástæða þess er sú gallaða aðferðafræði sem lögð er til grundvallar útreikningi á veiðigjaldi og samspil þess útreiknings og notkun á þorskígildisstuðlum. Í þessu frumvarpi er lagt til breytingar á útreikningi á þorskígildisstuðlum og þeir leiðréttir af einhverju marki til að koma til móts við augljósa annmarka á þorskígildisstuðlum við útreikning á veiðigjaldi fyrir nokkrar tegundir. Þá verða til svokallaðir sérstakir þorskígildisstuðlar.

Eskja hf. fékk óháðan aðila, Deloitte FAS til að reikna út áhrif boðað veiðigjalds á kolmunna sérstaklega og styðjast við ársreikning Eskju hf. vegna ársins 2012, árshlutareikning Eskju hf. vegna apríl 2013 og önnur gögn en í apríl var einungis veiðar og vinnsla á kolmunna í uppsjávardeild félagsins. Samkvæmt meðfylgjandi töflu má sjá hvernig samspil hækkunar á sérstöku gjaldi á hvert sérstakt þorskígildiskiló af helstu uppsjávartegundum er að koma út miðað við síðasta fiskveiðiár:

Breyting á þorskígildisstuðlum milli ára			
	Var 12/13	Verður 13/14	Breyting
Loðna	0,08	0,11	37,5%
Kolmunni	0,10	0,12	20,0%
Ní-Síld	0,25	0,21	-16,0%
Síld	0,20	0,20	0,0%
Makrill	0,36	0,21	-41,7%
Breyting á gjaldi per kg. á tegund milli ára			
	Var 12/13	Verður 13/14	Breyting
Loðna	2,96 kr.	5,25 kr.	77,4%
Kolmunni	3,70 kr.	5,73 kr.	54,9%
Ní-Síld	9,25 kr.	10,03 kr.	8,4%
Síld	7,40 kr.	9,55 kr.	29,1%
Makrill	13,32 kr.	10,03 kr.	-24,7%

Samkvæmt frumvarpinu og útreikningi útfrá áætluðum nýjum sérstöku þorskígildisstuðlum mun gjald per kíló á uppsjávartegundum hækka fyrir utan makríl og mest er hækkun á loðnu og kolmunna.

Hvað kolmunna varðar þá er áætlað að gjald per kíló verði 5,73 krónur og samkvæmt meðfylgjandi skýrslu frá Deloitte FAS aftast í umsögninni er ljóst að það gjald er alltof hátt miðað við afrakstur af kolmunnaveiðum. Við núverandi markaðsaðstæður er ljóst að gjaldið dugar ekki fyrir kostnaði við útgerð á kolmunna og áætlað rekstrartap verður um 0,9 kr. per hvert kíló af kolmunna. Þær uppsjávarútgerðir sem einnig eiga og reka fiskimjölsværsmiðju geta vænst þess að rekstrarhagnaður eða framlegð af kolmunnaveiðum verði um 12,1 krónur sem mun þá koma til móts við rekstrartapið af veiðunum og heildar framlegð verði um 11,2 krónur á hvert kíló af kolmunna. Sem hlutfall af væntri framlegð nemur veiðigjald af kolmunna meira en allri framlegðinni af veiðum en 34% af veiðum og vinnslu. Þessi framlegð á að standa undir fjármagnskostnaði, fjárfestingum og frekari skattheimtu í formi tekjuskatts ef eitthvað er eftir. Sambærilegur samanburður á hinum uppsjávartegundum kemur ekki vel út og ljóst að gjald per tegund mun nema milli 20% - 30% af væntum rekstrarhagnaði Eskju hf. við veiðar og vinnslu miðað við núverandi ástand á okkar mörkuðum. Af þessu leiðir að stærsti hluti veiðigjalda fyrir næsta fiskveiðiár lendir á fáum uppsjávarfyrirtækjum og sveitarfélögum á landsbyggðinni og greinilegt að byrðinni er ekki dreift með sanngjörnum og eðlilegum hætti innan greinarinnar. Það má benda nefndinni á það að sambærilegur útreikningur á væntri framlegð á veiðum og vinnslu á þorski gæti legið á bilinu 160 til 200 krónur á

hvert sérstakt þorskígildi en almennt og sérstakt veiðigjald nemur aðeins 16,88 krónur eða 8,4% til 10,6% af framlegðinni og fer eftir stærð, umfangi og nýtingarmöguleikum hvers sjávarútvegsfyrirtækis í veiðum og vinnslu á þorski.

Af þessu leiðir að útgerð án vinnslu í uppsjávartegundum mun eiga mjög erfitt með sinn rekstur og hann verður þungur fyrir uppsjávarfélög í veiðum og vinnslu svo ekki sé minnst á getu félaganna til að bregðast við lækkun á erlendum mörkuðum fyrir okkar afurðir en markaðshorfur fyrir mjöl og lýsi eru versnandi fyrir árið 2014.


Við vonum að atvinnuveganefnd endurskoði fyrirhugað frumvarp og afli sér betri gagna áður en notast er við þessa gölluðu aðferðafræði við útreikning og álagningu veiðigjalda fyrir næsta fiskveiðiár. Við óskum sérstaklega eftir því að nefndin leiti leiða til að leiðrétta fyrirhugað gjald á kolmunna og taki mið af auknum sóknarkostnaði við kolmunna umfram aðrar tegundir.

Virðingarfyllst,

f.h. Eskju hf.

Nýtt frumvarp um veiðigjöld – Áhrif á kolmunnaveiðar Eskju Minnisblað

Júní 2013



Eskja hf.
Páll Snorrason
Framkvæmdastjóri fjármála og rekstrarsviðs

Að beiðni Eskju hf. hefur Deloitte tekið að sér að útbúa minnisblað með útreikningum á framlegð af veiðum og vinnslu kolmunna hjá Eskju á árinu 2013 og hugsanlegum áhrifum veiðigjalda þar á.

Útreikningarnir byggja á upplýsingum frá stjórnendum félagsins, tölum úr stjórnendauppgjöri fyrir aprílmánuð 2013, endurskoðuðum ársreikningi 2012 og öðrum upplýsingum frá stjórnendum á meðan á vinnu minnisblaðsins stóð. Vinna við útreikninginn fól ekki í sér staðfestingavinnu og við getum því ekki staðfest nákvæmni upplýsinga eða hvort upplýsingar séu réttmætar eða fullnægjandi í öllum tilfellum.

Skammur tímarammi á verkefninu var þess valdandi að ekki var hægt að fara ítarlega í alla liði. Frekari skoðun kynni að leiða til þess að umfjöllun minnisblaðsins og niðurstöður þess yrðu aðrar en hér eru kynntar. Af þessum sökum tekur Deloitte enga ábyrgð á ályktunum eða ákvörðunum sem teknar eru á grundvelli minnisblaðs þessa.

Efni minnisblaðsins er trúnaðarmál milli félagsins og Deloitte. Öðrum aðilum er óheimilt að nýta sér efni skjalsins eða byggja ákvarðanir á grundvelli þess nema að fengnu samþykki beggja aðila.

Fjármálaráðgjöf Deloitte

Ágúst Heimir Ólafsson
Meðeigandi og endurskoðandi
Yfirmaður Fjármálaráðgjafar Deloitte

Reynir Jónsson
Meðeigandi, M.Sc. í fjármálum
Yfirmaður Verðmatsþjónustu Deloitte

Tengiliðir hjá Deloitte ehf. vegna þessa minnisblaðs:

Ágúst Heimir Ólafsson
Yfirmaður Fjármálaráðgjafar Deloitte
Meðeigandi

Sími: 580-3056 / 864-3467
agust.heimir.olafsson@deloitte.is

Reynir Jónsson
Yfirmaður Verðmatsþjónustu
Meðeigandi

Sími: 580-3190 / 860-3091
reynir.jonsson@deloitte.is

Deloitte ehf.
Kt. 521098-2449
Smáratorgi 3
201 Kópavogur
Iceland
www.deloitte.is

Framlegð kolmunnaveiða er neikvæð eftir að tekið hefur verið tillit til áætlaðra veiðigjalda

Kolmunni í apríl 2013

ISK	Veiðar	Vinnsla	Millifærslur	Samtals
Landaður afli / mótttekið hráefni	5.345.590	5.345.590		
Verð á kg.	25,50	25,50		
Aflaverðmæti / hráefnisverð	136.312.545	136.312.545		
Tekjur	136.312.545	270.635.874	(136.312.545)	270.635.874
Hráefnisinnkaup	-	(136.312.545)	136.312.545	-
Laun og launatengd gjöld	(48.609.871)	(12.449.250)	-	(61.059.121)
Veiðarfærakostnaður	(12.949.692)	-	-	(12.949.692)
Olía	(32.675.200)	(18.343.004)	-	(51.018.204)
Viðhald	(9.541.878)	(5.412.717)	-	(14.954.596)
Akstur, löndun o.fl.	(569.290)	(6.765.897)	-	(7.335.186)
Tryggingar	(1.162.814)	(496.975)	-	(1.659.789)
Afla, hafnargjöld og veiðileyfi	(3.359.637)	(91.710)	-	(3.451.347)
Útflutningskostnaður	-	(21.650.870)	-	(21.650.870)
Sérfræði- og stjórnunarkostnaður	(319.453)	(1.418.482)	-	(1.737.935)
Sameiginlegur kostnaður	(1.473.922)	(2.932.322)	-	(4.406.244)
EBITDA fyrir veiðigjöld	25.650.787	64.762.102	-	90.412.890
EBITDA % fyrir veiðigjöld	18,8%	23,9%		33,4%
Veiðigjöld	30.630.231	-	-	30.630.231
Veiðigjöld / Tekjur	22,5%	-	-	11,3%
Veiðigjöld / EBITDA	119,4%	-	-	33,9%
EBITDA eftir veiðigjöld	(4.979.443)	64.762.102	-	59.782.659
EBITDA % eftir veiðigjöld	-3,7%	23,9%		22,1%
EBITDA per kg. fyrir veiðigjöld	4,8	12,1	-	16,9
Veiðigjöld per kg.	5,7	-	-	5,7
EBITDA per kg. eftir veiðigjöld	(0,9)	12,1		11,2

- Í töflunni hér til hliðar má sjá yfirlit yfir tekjur og gjöld vegna kolmunnaveiða félagsins í apríl 2013. Tölurnar byggja á stjórnendauppgjöri fyrir apríl 2013 en einnig hefur verið horft til ársuppgjörs fyrir árið 2012 auk annarra upplýsinga frá stjórnendum við áætlun ýmissa kostnaðarhlutfalla.
- Allar tölur eru í íslenskum krónum og miða við meðalgengi dollara í apríl 2013 sem var 118,8 og meðalgengi norskrar krónu á sama tímabili sem var 20,5.
- Landaður afli mánaðarins var tæplega 5.346 tonn af kolmunna.
- Þar sem verið er að meta hugsanleg áhrif veiðigjalda eins og þau eru sett fram í nýju frumvarpi sem nú liggur fyrir á Alþingi er horft til veiðigjalda fyrir fiskveiðitímabilið 2013/14 eins og þau eru sett fram í frumvarpinu og til nýs sérstaks þorskígildisstuðuls sem er áætlaður 0,12 fyrir kolmunna á fiskveiðitímabilinu 2013/14.
- Miðað við áætlaðan sérstakan þorskígildisstuðul er magn kolmunna í apríl því um 641.471 þorskígildi og reiknast áætluð veiðigjöld út frá því.
- Eins og sjá má í töflunni er EBITDA framlegð veiðanna um 25,6 m.kr. þegar tekið hefur verið tillit til rekstrarkostnaðar en ekki til veiðigjalda. Þetta gerir um 18,8% framlegð fyrir veiðigjöld.
- EBITDA vinnslunnar er um 64,8 m.kr., eða 23,9%, og samtals framlegð veiða og vinnslu fyrir veiðigjöld er 33,4%.
- Miðað við gefnar forsendur yrðu veiðigjöld vegna kolmunnaveiðanna um 30,6 m.kr. og eins og sjá má í töflunni eru þau hærri en framlegð veiðanna. Veiðigjöldin eru um 22,5% af aflaverðmæti og 11,3% af verðmæti afurða (heildartekjum veiða og vinnslu).
- EBITDA framlegð veiðanna eftir veiðigjöld er neikvæð um 3,7%. Heildarframlegð veiða og vinnslu lækkar úr 33,4% fyrir veiðigjöld niður í 22,1% eftir veiðigjöld.
- Veiðigjöld sem hlutfall af EBITDA framlegð veiðanna eru 119,4%. Ef horft er bæði til veiða og vinnslu eru veiðigjöldin 33,9% af EBITDA framlegð. Framlegð per kg er um 17kr fyrir veiðigjald, en 11,2kr eftir að tekið er tillit til veiðigjalds.
- Útreikning á veiðigjöldum má sjá á næstu síðu.

Veiðigjöld vegna kolmunnaveiða félagsins í apríl 2013 væru um 30,6 m.kr. m.v. nýtt frumvarp um veiðigjöld og áætlaðan sérstakan þorskígildisstuðul

- Í efri töflunni hér til hliðar má sjá hver veiðigjöld yrðu á hvert þorskígildiskíló á fiskveiðitímabilinu 2013/14 ef nýtt frumvarp sem lagt hefur verið fyrir Alþingi verður gert að lögum.
- Núverandi lög um veiðigjöld kveða á um að sérstaka veiðigjaldið sé föst krónutala á þorskígildiskíló á fiskveiðitímabilinu 2012/13 en samkvæmt lögnum á sérstakt veiðigjald á fiskveiðitímabilinu 2013/14 að vera 50% af samtölu reiknaðrar rentu atvinnugreinarinnar.
- Ef miðað er við krónutölur per þorskígildiskíló fyrir fiskveiðitímabilið 2012/13 felur nýja frumvarpið í sér breytingu á sérstöku veiðigjaldi. Sérstakt gjald í uppsjávarveiðum er hækkar talsvert frá fyrra ári, eða úr 27,5 kr. per þíg.kg. upp í 38,25 kr. per þíg.kg. Sérstakt gjald í bolfiskveiðum hefur hins vegar lækkað úr 23,2 kr. per þíg.kg. niður í 7,38 kr. per þíg.kg.
- Nýja frumvarpið kveður einnig á um að nota skuli svokallaða sérstaka þorskígildisstuðla í stað hefðbundinna. Sérstöku þorskígildisstuðlunum er ætlað að draga fram verðmæti afla án þeirrar verðmætasköpunar sem verður til þegar afli er unninn um borð. Sérstakir þorskígildisstuðlar taka þó ekki tillit til mismunandi sóknarkostnaðar við veiðar á mismunandi tegundum.
- Vegna þeirra verðbreytinga sem verið hafa á mörkuðum undanfarið þar sem þorskur hefur lækkað í verði á meðan ýmsar uppsjávartegundir hafa hækkað í verði má gera ráð fyrir að þorskígildisstuðull kolmunna muni hækka frá fiskveiðitímabilinu 2012/13. Samkvæmt áætlun frá félaginu á sérstöku þorskígildisstuðlum er hér gert ráð fyrir að sérstakur þorskígildisstuðull kolmunna á fiskveiðitímabilinu 2013/14 gæti verið um 0,12.
- Miðað við ofangreindar forsendur væru þau þorskígildi kolmunnaveiða Eskju í apríl sem veiðigjöld reiknast af um 641.471.
- Samkvæmt nýja frumvarpinu væri því almennt veiðigjald veiðanna tæplega 6,1 m.kr. og sérstakt veiðigjald um 24,5 m.kr. eða samtals um 30,6 m.kr.
- Athygli skal vakin á því að hér hefur ekki verið tekið tillit til afsláttar en samkvæmt lögum um veiðigjöld þarf félag ekki að greiða veiðigjöld af fyrstu 30.000 þíg.kg. og hálf t gjald af næstu 70.000 þíg.kg. og miðar þetta magn við hvert fiskveiðitímabil.

Veiðigjöld skv. nýju frumvarpi sem lagt hefur verið fyrir Alþingi

Kr. per þíg.kg.	Uppsjávarfiskur	Bolfiskur
Almennt gjald	9,50	9,50
Sérstakt gjald	38,25	7,38
Samtals	47,75	16,88

Veiðigjöld fyrir kolmunnaveiðar Eskju í apríl 2013 m.v. nýtt frumvarp og áætlaðan sérstakan þorskígildisstuðul

ISK	
Landaður afli (kg.)	5.345.590
Áætlaður sérstakur þorskígildisstuðull	0,12
Þorskígildi (kg.)	641.471
Almennt veiðigjald	6.093.973
Sérstakt veiðigjald	24.536.258
Samtals veiðigjöld	30.630.231

Breyting í afurðaverðum og gengi krónu hafa áhrif á EBITDA á meðan veiðigjöld yrðu óbreytt

EBITDA eftir veiðigjöld í m.kr.

		Breyting í afurðaverði								
		-20%	-15%	-10%	-5%	0%	5%	10%	15%	20%
Breyting í gengi	-20%	-20,1	-11,3	-2,4	6,5	15,4	24,3	33,1	42,0	50,9
	-15%	-11,3	-1,8	7,6	17,0	26,5	35,9	45,4	54,8	64,2
	-10%	-2,4	7,6	17,6	27,6	37,6	47,6	57,6	67,6	77,5
	-5%	6,5	17,0	27,6	38,1	48,7	59,2	69,8	80,3	90,9
	0%	15,4	26,5	37,6	48,7	59,8	70,9	82,0	93,1	104,2
	5%	24,3	35,9	47,6	59,2	70,9	82,5	94,2	105,9	117,5
	10%	33,1	45,4	57,6	69,8	82,0	94,2	106,4	118,6	130,8
	15%	42,0	54,8	67,6	80,3	93,1	105,9	118,6	131,4	144,2
	20%	50,9	64,2	77,5	90,9	104,2	117,5	130,8	144,2	157,5

Veiðigjöld sem hlutfall af EBITDA

		Breyting í afurðaverði								
		-20%	-15%	-10%	-5%	0%	5%	10%	15%	20%
Breyting í gengi	-20%	292%	158%	108%	83%	67%	56%	48%	42%	38%
	-15%	158%	106%	80%	64%	54%	46%	40%	36%	32%
	-10%	108%	80%	64%	53%	45%	39%	35%	31%	28%
	-5%	83%	64%	53%	45%	39%	34%	31%	28%	25%
	0%	67%	54%	45%	39%	34%	30%	27%	25%	23%
	5%	56%	46%	39%	34%	30%	27%	25%	22%	21%
	10%	48%	40%	35%	31%	27%	25%	22%	21%	19%
	15%	42%	36%	31%	28%	25%	22%	21%	19%	18%
	20%	38%	32%	28%	25%	23%	21%	19%	18%	16%

EBITDA per kg.

		Breyting í afurðaverði								
		-20%	-15%	-10%	-5%	0%	5%	10%	15%	20%
Breyting í gengi	-20%	-3,8	-2,1	-0,4	1,2	2,9	4,5	6,2	7,9	9,5
	-15%	-2,1	-0,3	1,4	3,2	5,0	6,7	8,5	10,2	12,0
	-10%	-0,4	1,4	3,3	5,2	7,0	8,9	10,8	12,6	14,5
	-5%	1,2	3,2	5,2	7,1	9,1	11,1	13,1	15,0	17,0
	0%	2,9	5,0	7,0	9,1	11,2	13,3	15,3	17,4	19,5
	5%	4,5	6,7	8,9	11,1	13,3	15,4	17,6	19,8	22,0
	10%	6,2	8,5	10,8	13,1	15,3	17,6	19,9	22,2	24,5
	15%	7,9	10,2	12,6	15,0	17,4	19,8	22,2	24,6	27,0
	20%	9,5	12,0	14,5	17,0	19,5	22,0	24,5	27,0	29,5

- Bæði veiðar og vinnsla félagsins eru næm fyrir breytingum afurðaverða á mörkuðum sem og gengisþróun.
- Afurðir vinnslunnar eru seldar í erlendum gjaldmiðli og hafa því verðbreytingar og gengisbreytingar bein áhrif á tekjur félagsins í íslenskum krónum. Hráæfnisverð, eða það verð sem vinnslan greiðir fyrir veiddan afla er afleidd stærð af afurðaverði og hafa því bæði verðbreytingar og gengisbreytingar einnig áhrif á veiðar félagsins. Þar að auki eru laun og launatengd gjöld veiðanna afleidd stærð af aflaverðmæti. Til einföldunar er gert ráð fyrir að aðrir kostnaðarliðir félagsins séu fastir.
- Hér til hliðar má sjá hvernig EBITDA félagsins eftir veiðigjöld, veiðigjöld sem hlutfall af EBITDA og EBITDA per kg. af veiddum kolmunna breytast ef afurðaverð og gengi krónu gagnvart dollara og norskrí krónu breytast.
- Efsta taflan sýnir næmni EBITDA framlegðar veiða og vinnslu gagnvart ofangreindum breytum. Miðað við gefnar forsendur og þá útreikninga sem sýndir voru á síðunni hér á undan er EBITDA framlegð veiða og vinnslu 59,8 m.kr. og er það talan í miðju töflunnar.
- Ef afurðaverð lækkar um 10% mun EBITDA framlegð lækka niður í 37,6 m.kr. Sama lækkun á sér stað ef gengi dollara og norskrar krónu lækkar um 10% (þ.e. íslenska krónan styrkist um 10%), að öðru óbreyttu. Ef hins vegar þessar breytingar verða samhliða lækkar EBITDA í 17,6 m.kr.
- Miðað við þær forsendur sem notaðar eru í útreikningum á síðunni hér að framan eru áætluð veiðigjöld um 34% af EBITDA framlegð veiða og vinnslu. Næmni þessa hlutfalls má sjá í mið töflunni hér til vinstri.
- Ef annað hvort afurðaverð eða gengi dollara og norskrar krónu lækkar um 10% hækkar hlutfall veiðigjalda af EBITDA framlegð í 45% þar sem veiðigjöld yrðu óbreytt á meðan EBITDA framlegð lækkar. Ef afurðaverð og gengi lækka samhliða um 10% má áætla að veiðigjöld yrðu um 64% af EBITDA framlegð.
- EBITDA framlegð veiða og vinnslu á hvert kíló af veiddum kolmunna er 11,2 kr. miðað við þær forsendur sem notaðar hafa verið. Í neðstu töflunni má sjá að framlegð per kg. lækkar í 7,0 kr. ef annað hvort afurðaverð eða gengi lækka um 10%. Ef þessar breytingar verða samhliða lækkar framlegð per kg. niður í 3,3 kr.

Deloitte.

Deloitte ehf., is a member firm of Deloitte Touche Tohmatsu ('DTT'), a Swiss Verein whose member firms are separate and independent legal entities. Neither DTT nor any of its member firms has any liability for each other's acts or omissions. Services are provided by member firms or their subsidiaries and not by DTT.

© 2013 Deloitte. All rights reserved.